

Ólöf Marín Úlfarsdóttir regluvörður
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Skýrsla regluvarðar 2022-2023

Á 263. fundi endurskoðunarnefndar sem haldinn var í dag var eftirfarandi fært til bókar:

Lögð fram að nýju skýrsla regluvarðar Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 1. febrúar 2022 til 31. janúar 2023. IER23020004

Ólöf Marín Úlfarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefnd þakkar fyrir greinargóða skýrslu regluvarðar. Í skýrslunni kemur fram að regluverði reynist erfitt að safna upplýsingum vegna innherjaskráningar og að tregðu gæti hjá starfsmönnum og kjörnum fulltrúum að veita umbeðnar upplýsingar. Að mati regluvarðar skýrist þessi tregða að einhverju leyti af því að töluverð fyrirhöfn er af því að prenta, fylla út og senda regluverði skráningarform sem eru á pappírformi. Regluvörður hefur beðið um aðstoð þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON) við að útbúa rafræna lausn til einföldunar þessarar upplýsingaöflunar, en óvíst er um hvenær sú beiðni verður afgreidd. Endurskoðunarnefnd leggur áherslu á að PON hraði afgreiðslu þessarar beiðni regluvarðar, en afar mikilvægt er að innherjaupplýsingar séu skráðar með réttum hætti. Endurskoðunarnefnd tekur undir ábendingu regluvarðar um að það er óásættanlegt að enn skorti á að nýkjörnir fulltrúar hafi skilað innherjaskráningu þrátt fyrir fjölda ítrekana.

e.u.,
Hallur Símonarson

Samrit: Skrifstofa borgarstjórnar, Helga Björk Laxdal skrifstofustjóri

Hjálagt: Skýrsla regluvarðar Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 1. febrúar 2022 til 31. janúar 2023